



Reykjavík, 28. október 2024

VEL24100067

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Háteigsvegur íbúðarkjarni í þjónustuflokki þroski II*

Lagt er til að samþykkt verði opnun nýs íbúðarkjarna við Háteigsveg fyrir sjö einstaklinga í þjónustuflokki þroski II. Samkvæmt fimm ára áætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði 200 m.kr. með uppreiknuðum kjarabótum. Einnig er óskað eftir því að stofnkostnaður að fjárhæð 5 m.kr. verði fjármagnaður í takt við samþykktu uppbyggingaráætlun. Verið er að undirbúa opnun íbúðarkjarnans sem mun formlega opna í desember 2024. Kostnaður við rekstur heimilisins rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs og er óskað eftir rekstrarfé sem nemur einum mánuði á árinu 2024 eða 17 m.kr. auk stofnkostnaðar 5 m.kr., alls 22 m.kr. og 200 m.kr. á árinu 2025.

Greinargerð:

Um er að ræða áframhald af því uppbyggingarátaki sem staðið hefur undanfarin ár og hluta af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var árið 2017.

Íbúðakjarninn að Háteigsvegi er hluti af eldri uppbyggingaráætlun 2018 - 2030. Sú uppbyggingaráætlun var samþykkt árið 2017 í velferðarráði og borgarráði. Háteigsvegur er íbúðarkjarni með 7 íbúðum í þjónustuflokki þroski II. Íbúðakjarninn er tilbúinn og verið er að ráða starfsfólk en kjarninn tekur til starfa nú í desember 2024 er fyrstu íbúar flytja inn. Gert er ráð fyrir að stöðugildin verði 12 og ein næturvakt. Launakostnaður er áætlaður 180 m.kr. og annar rekstrarkostnaður þ.m.t. húsaleiga 20 m.kr.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 28. október 2024



Reykjavík